



**LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI**  
**National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland**

---

**Fyrsti fundur Landsþjónustunefndar AA Samtakanna.**  
**Haldinn á LÞN ráðstefnu AA í Víðistaðaskóla 15. 05 2006.**

**Fundargerð:**

Mættir voru:

Elísabet A. Guðmundur Ingi, Kári E. Stefán Geir, Sigurður F. Gunnar Örn, Jóhannes B. Einar S. Ingólfur I. Hallgrímur T.S. og séra Ólafur S.

- 1) Elísabet A. er kosin fundastjóri og oddamaður LÞN.
- 2) Í skrifstofunefnd fara: Elísabet A. Kári E. og Gunnar Örn.
- 3) Ingólfur I er kosinn í upplýsinganefnd.
- 4) Spurt og svarað um LÞN, af nýjum nefndarmönnum.

**Ákveðið er að halda næsta L.Þ.N. fund þann 25. sept 2006 í Gula húsinu kl.17:00.**

**Fundi slitið**  
**Guðmundur Ingi ritari.**



**LANDSÞJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI**  
**National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland**

---

**2. Fundur Landþjónustunnar haldinn í Gula húsinu í sal A kl.17:00 25. sept 2006.**

Mættir eru: Elísabet A Jóhannes B Einar S Sigurður B Guðmundur S Kári E  
Hallgrímur S Ingó I Guðmundur I og Hjördís H

Fundur settur.

**Fundargerð:**

**1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.**

**2. Fundargerð Landþjónusturáðstefnunar lögð fram til yfirlesturs.**

**3. Bréf frá S.Á.Á.**

Fjallað um það. Skipst á skoðunum. Sumir telja að við verðum að móta okkur stefnu áður en við tökum afstöðu til þessa bréfs. Ákveðið að verða ekki við þessu bréfi og fela skrifstofunefndinni að svara bréfinu.

**4. Bréf frá sjúklingum á 33A. Vísað til SAAS.**

**5. Önnur mál:**

Lagður fram reikningur frá EXTON ehf. vegna afmælisfundarins upp á kr. 261 307.-  
Reikningurinn kom til vegna þess að brugðist hafi að semja við fólk um hljóðbúnað,  
ljósabúnað, myndvarpa ofl.

Reikningurinn var lækkaður niður í 231.000.-, og er búið að semja um hann. Hann verður geiddur.

Við lærum af þessu og gerum betur á næsta afmælisfundi.

Næsti fundur LPN er þ. 30. ókt. 2006, í Gula húsinu sal C. 2. hæð kl.17:00.

Fundi slitið.....

Hjördís ritari.



**LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI**  
**National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland**

---

**3. fundur Landsþjónustunefndar AA þann 30. okt. 2006. Kl.17:00 í Gula Húsinu**

**Fundargerð:**

Mættir eru: Gunnar Örn, Hallgrímur, Sigurður, Jóhannes, Ellen, Ingó, Elísabet, Sigurður, Kári, Guðmundur starfsmaður og Hjördís.

Fundur settur með æðruleysisbæninni.

**1. Fundargerð síðasta fundar rædd.** Ellen ætlar að hafa samband við Exton. Fundargerðin samþykkt.

**2. Fundargerð Landsþjónusturáðstefnunnar samþykkt.**

**3. Fulltrúar í Millipinganefnd;** Kári, Kristján og Sigurður (Diddi). Talað um að æskilegt sé að í millipinganefnd séu einhver mannskipti og talað um að gott væri að fá nýjan aðila inn í nefndina næst frá LÞN. Ofantaldir 3 menn samþykkja að vera áfram í nefndinni. Samþykkt einróma.

**4. WSM.** Hjördís gerir skýrslu fyrir næsta fund. Kári sagði frá því að við ákváðum á síðustu stundu að gefa fulltrúum ráðstefnunnar smágjöf. Keyptum 70 bókamerki. Kári sagði frá að margt hefði komið fram sem við getum nýtt okkur í samtökunum þar. Hann sagði t.d. frá því að gott væri að að breyta okkar landsþjónusturáðstefnu og vera með e.k. „What is on you mind” af og til þar sem fólk gæti talað um það sem á þeim hvíldi. Kári sagði frá klofningi AA samtakanna í Mexíkó. Það hefði skaðað AA samtökin verulega. Hann sagði einnig frá vandræðum Ástrala þar sem nánast engin nýliðun er. Þar er u.þ.b. helmingur sem kemur inn í samtökin er farinn innan nokkurra mánuða. Í Svíþjóð hefur einnig fækkað fundum. Margir höfðu áhyggjur af því hvað unga fólkid tollir illa í samtökunum. Einnig sagði hann frá því hvað mikið var talað um sponsorkerfið og þjónustusponsorinn. Hann sagði frá því að Norðurlandþjóðirnar vildu endilega fá okkur í meira samstarf þannig að við myndum mæta á Norrænu ráðstefnunna. Hann talaði líka um að við ættum að gefa minna og jafnara í útgáfusjóðinn. Við gáfum stóra upphæð 2005.

Skýrslan rædd og nokkrar fyrirspurnir komu fram. T.d. rætt um hvað við gerum við þessa reynslu sem fólk sem fær með því að mæta á slíkar ráðstefnur. Einnig var rætt í framhaldi af þessu að mikilvægt væri að vernda einingu AA við ættum að vera umburðalynd. Töluðum um að skýrslan HH v. WSM færi inn á AA síðuna og linkur inn á skýrslu sem kemur frá GSO. Í framhaldi af þessu var farið að tala um heimasíðuna og þörf á því að hún væri líka á ensku. Einnig rætt um að gott væri að það kæmi

pöntunarkerfi inn á síðuna þar sem hægt væri að kaupa allt sem útgefið er hjá AA útgáfunni. Einnig rætt í framhaldi um framlög deilda og framlög einstaklinga í pottinn, sem hafa farið minnkandi. Kári sagði frá því hvernig samtök erlendis hafa snúið sér í að fá meira í pottinn. Víða erlendis er verulega minnt á ábyrgðina sem fylgir því að setja í pottinn. Kári lagði það til að innkoman væri flokkuð og við færum yfir þetta á næsta fundi. Við gætum þá alla vega farið af stað og reynt að koma okkar deildum til að skila einhverju.

**5. Jóhannes sagði frá Upplýsinganefnd:** að það væri búin að senda fundargerðir nefndarinnar og handbók Upplýsingarnefndar til skrifstofunnar til að setja inn á netið. Jóhannes sagði að nefndin vildi fá umræðu og ábendingar um handbókina. Þess vegna væri gott að setja hana inn á netið þar sem hún væri aðgengileg fyrir þá sem vildu kynna sér hana. Hugmynd um að reyna að halda ráðstefnur út á landi til að kynna svæðisnefndir eða svæðisupplýsingar. Rætt um að sniðugt væri að hafa bæklinga í Alþjóðahúsunum. Guðmundur sagði að þeir hjá Alþjóðahúsinu viti að hægt sé að komast inn á síður AA í öðrum löndum í gegnum heimasíðuna. Upplýsinganefndin hefur fengið ábendingar um nafnleyndarbrot.

**6. Önnur mál.** Kári sagði frá því að í USA væri videoklippur inn á heimsíðunni sem höfðar til unga fólksins. Rætt aðeins um fjármál samtakanna.

Næsti fundur LPN er 27. nóvember 2006, kl.17:00 í Gula húsinu sal C 2.hæð.

Fundi slitið

Hjördís ritari...



**LANDSÞJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI**  
**National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland**

**4. fundur Landsþjónustunefndar AA 27. nóvember 2006 kl. 17:00 í Gula Húsinu**

**Fundargerð:**

Fundurinn settur á hefðbundinn hátt með æðruleysisbæninni.

Mættir voru: Elísabet, Hallgrímur, Sigurður, Jóhannes, Gunnar, Ingólfur, Sigurður ei alki, Einar, Guðmundur I, Guðmundur S og Hjördís.  
Ellen og Kári boðuðu forföll.

**1. Fundargerð síðasta fundar** hafði verið samþykkt áður.

**2.** Hjördís flutti skýrslu frá Heimsþjónusturáðstefnunni á Írlandi í okt. 2006 og voru umræður og fyrirspurnir um hana. Ákveðið að skýrslan fari inn á heimasíðuna.

**3.** Skrifstofunefndin sagði frá því að búið væri að finna mann til að koma heimsíðunni endanlega í gagnid og ætlar nefndin að funda með honum á næstunni. Jóhannes sagði frá því að Upplýsinganefndin hefði haldið sinn mánaðarlega fund og að fundargerðin væri komin inn á heimasíðuna.

**4.** Starfsmaður lagði fram yfirlit um framlag deilda og spunnust miklar umræður um það. Áhyggjuefni er hversu fáar deildir hafa lagt inn pening, aðeins 55 deildir af yfir 300 leggja fram fé til Landsþjónustunefndarinnar. Rætt um að það yrði að leita leiða til fá fólk til að leggja meira í pottinn og fá deildir til þess að senda það sem afgangur er Landsþjónustunefndarinnar. Jóhannes sagði frá því að eftir heimsóknir Landsþjónustunefndarfólks til deilda á árum áður hefði alltaf komið meira í pottinn. Einhvern veginn þarf að koma upplýsingum til deilda um í hvað peningarnir fara. Rætt var um heimasíðuna og hvort ekki ætti að vera hægt að selja bækur á netinu. Einnig rætt um sölulaun á AA efni og hvort AA útgáfan ætti ekki að greiða meira til skrifstofunnar en hún gerir í dag með tilliti til vinnu vegna útgáfunnar. Skrifstofunefndinni var falið að setjast að samningaborði við útgáfuna um aukið framlag sem fyrst. Gunnar Örn gjaldkeri er öldungur og á að fara úr nefndinni næsta vor. Valinn var einróma maður í hans stað: Hallgrímur verður næsti gjaldkeri samtakanna. Starfsmanni falið að finna út hvaða dag álfasalan er og út frá því yrði ákveðin dagsetning á þjónusturáðstefnunni í maí n.k.

Næsti fundur Landsþjónustunefndar ákveðinn 29. janúar 2007.

Fundi slitið á hefðbundin hátt. Hjördís ritari.



**LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI**  
**National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland**

---

**5. fundur Landsþjónustunefndar AA 29. janúar 2007. í Gula Húsinu kl. 17:00**

**Fundargerð:**

Mættir: Elísabet, Guðmundur, Gunnar, Hallgrímur, Kári, Ingólfur, Jóhannes ei alki, og Sigurður ei alki.

Hjördís, Ellen og Sigurður F boðuðu forföll.

**1. Fundargerð síðasta fundar** lesin og samþykkt.

**2. Landsþjónusturáðstefnan:** samþykkt að hún fari fram 19. maí. Hún verður haldin í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. Rætt um undirbúning LP ráðstefnunnar í Víðistaðaskóla. Ráðstefnugögn verði afhent við greiðslu og upplýsingar um vinnuhópa verði send út á netinu.

**3. Upplýsingarnefnd:** Jóhannes sagði frá því að upplýsinganefnd sé að undirbúa fund með upplýsinganefnd AA í Keflavík í febrúar. Sagt frá fundi milliþinganefndar.

**4. Rætt um slök skil deilda á peningum.** Leita leiða til að komast í tengsl við deildirnar. Hugmynd um að fréttabréf verði gefið út á netinu og auka þannig upplýsingastreymi til hins almenna félaga, jafnt sem deildanna. Ákveðið að til næsta fundar leggi menn höfuðið í bleyti og reyni að láta sér detta einhvern í hug sem gæti ritstýrt ritinu. Einnig væri hugsanlega inni í myndinni að einhverjir nefndarmenn færu í heimsóknir í deildir og kynntu málefni landsþjónustunefndarinnar og um leið í hvað peningarnir fara.

**5. Afmælisnefnd.** Ákveðið að fresta vali í afmælisnefnd til næsta fundar.

**6. Önnur mál:** Ákveðið að senda Þórhalli Gunnarssyni ritstjóra Kastljóss og Jóhönnu Vilhjálmisdóttur bréf með athugasemdum vegna ummæla hennar í þættinum 18. janúar sl. um AA samtökin, þar sem hún talaði af mikilli vanþekkingu um samtökin.

Fundargerðin lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18.45  
Næsti fundur verður 26. febrúar kl. 17. Fundargerð ritaði Sigurður B

Ellen sendir e – mail á AA skrifstofu þ.29. janúar, þar sem hún biðst lausnar frá Landsþjónustunefndarstörfum vegna anna.



**LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI**  
**National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland**

**6. fundur Landsþjónustunefndar þann 26. febrúar 2007**

**Fundargerð:**

Mættir voru Sigurður, Kári, Elísabet, Jóhannes, Guðmundur, Einar, Ingólfur og Guðmundur Ingi starfsmaður. Forföll boðuðu Gunnar Örn, Hjördís og Hallgrímur.

Fundur var settur með æðruleysisbæninni.

**1. Fulltrúar gerðu grein fyrir störfum sínum.** Kári greindi frá störfum millipínganefndar þar sem komin eru fram drög að hugmynd að uppbyggingu AA samtakanna og gerði grein fyrir þeim. Ræddi og málefni heimasíðu samtakanna en áhugi er á því að koma heimasíðunni í betra horf. Sagði störf millipínganefndarinnar ganga vel og friður ríkja í nefndinni og tók Sigurður undir þau orð þó að viss fyrirvari sé við ákveðin atriði í tillögnum hjá einstökum nefndarmönnum. Kári hefur líka rætt við útgáfuna og hún ætlar að koma að fjármögnun nýrrar heimasíðu. Ingólfur og Jóhannes gerðu grein fyrir störfum upplýsinganefndar og hugmyndum sem hún hefur rætt um kynningarfund um svæðisbundnar upplýsinganefndir í Keflavík 17. mars.

**2. Ákvörðun um linkinn *skarpur.is*.** Menn voru á einu máli um að Landsþjónustunefndin gæti ekki veitt leyfi sitt fyrir því að neinn setti link inn á síðu sína sbr. 6. og 10. erfðavenju.

**3. Kosning fulltrúa í Afmælisfundarnefnd 2007:** Kjörin voru Sigurður, Elísabet, Guðmundur, Gunnar Örn og Hallgrímur. Guðmundur Ingi starfar með nefndinni. Nefndin mun sjálf kalla fleira fólk til starfa með sér.

**4. Velja fulltrúa á ESM – Evrópuráðstefnuna – í Frankfurt dagana 19. – 21. október 2007.** Samþykkt að Kári fari.

**5. Ákvörðun um hvort senda skuli fulltrúa á skandinavísku ráðstefnuna í Svíþjóð** en Svíar bjóðast til að kosta upphald íslenska fulltrúans, en samtökin hér þurfa að greiða farið. Samþykkt að Guðmundur Ingi fari sem fulltrúi.

**6. Önnur mál – kosning í kjörnefnd.** Samþykkt að fulltrúar Landsþjónustunefndar sitji áfram þau Kristján, Elísabet og Einar.

Næsti fundur Landsþjónustunefndar verður mánudaginn 26. mars kl 17.00 í Gula húsinu.

Fundi slitið með venjulegum hætti. Einar ritari.



**LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI**  
**National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland**

**7. Fundur Landsþjónustunefndar 26. mars 2007**

**Fundargerð:**

Mættir voru: Hallgrímur, Einar, Kári, Guðmundur Ingi, Sigurður, Gunnar Örn, Sigurður, Elísabet, Hjördís og Jóhannes.

Ingólfur boðaði forföll, Diddi mætir seint.

Fundur settur á hefðbundinn hátt með æðruleysisbæninni.

Gjaldkeri gerði grein fyrir því að uppgjör væri í undirbúningi og að nýr gjaldkeri tæki við á þjónusturáðstefnunni í maí.

Rætt um afmælisfundinn, Solla sér um kaffið, búið að fá fólk til að safna framlögum. Sigurður getur lánað okkur tveggja lítra hitakönnur, ef við fáum ekki stærri ílát lánuð. Afmælisnefndin hittist á morgun og ákveður nánar. Upplýsinganefndin ætlaði að vera með kynningarfund í Keflavík en það gleymdist að auglýsa fundinn, svo ákveðið var að fresta honum.

Millipinganefndin hefur hittst og var verið að reyna að vinna að umbótum sem hafði verið beðið um á þjónusturáðstefnunni í maí 2006.

Samstaða hefur ekki verið um 2ja ára edrú tíma sem skilyrði til setu á þjónusturáðstefnunni.

Farið var lauslega yfir drög Millipinganefndar að Þjónustubók, kom fram að fólk í nefndinni er t.d. ekki sammála um ýmislegt varðandi þjónusturáðstefnuna.

Bréf var sent út þ.e. fundargerð þjónusturáðstefnunnar og beiðni um viðbrögð deilda við þeim tillögum sem þar voru. Þetta bréf virðist hafa misfarist í mjög mörgum deildum.

Annað hvort verði bara fólk frá svæðisnefndum gjaldgengt á þjónusturáðstefnun eða fólk frá deildum, ekki hvoru tveggja.

Okkar fulltrúar í millipinganefnd vilja leggja það til að punktar úr tillögunum verði tekið fyrir á þjónusturáðstefnunni, t.d. um deildarfulltrúa og edrútímann. Önnur atriði eins og þýðing á hugtökum og fleira yrði vísað til útgáfunnar.

Komið hafa fram spurningar til skrifstofunnar um hvort að deild sé AA deild sem bannar fólk að tala ef það hefur ekki farið í gegn um sporin með trúnaðarmanni úr deildinni. Er þetta erfðavenjubrot?

Samþykkt var að skrifstofunefndin skrifi bréf þar sem mjúklega verði talað um hvort ekki sé örugglega farið að erfðarvenjunum.

Rætt var aðeins um afmælisfundinn aftur.

Oddamaður Milliþinganefndar mætti á fund Landsþjónustunnar til að ræða tillögur nefndarinnar.

Reifað það sem Landsþjónustunefndin hefur rætt á fundinum,

Hafa kannske umræðuhópa um edrútímann og deildarfulltrúann.

Oddamaður sagði okkur frá því að ákveðið hefði verið að endurgera þjónustuhandbókina.

Hann sagði einnig að sporin og erfðavenjurnar væru í þýðingu og það væri klókt að leggja þetta fram saman. Einnig þyrfti að þýða hugtökin 12 sem yrði þá lagt fram líka árið 2008.

Hann talaði um að á þjónusturáðstefnunni yrði lagt fram plagg þar sem tekið yrði út úr tillögunni erfðarvenjurnar og hugtökin og sagt yrði að þýðingin væri í höndum útgáfunnar þar sem um höfundarétt væri að ræða. Einnig var samþykkt að ekki yrði rætt um deildarfulltrúann á þjónusturáðstefnuni.

Aðeins talað um að sniðugt væri að hafa einhvern annan vettfang fyrir alla AA menn þar sem rædd væru ýmis mál og þar gæti mætt fólk sem væri með stuttan tíma.

Fundi slitið á hefðbundinn hátt.

Næsti fundur er mánudaginn 30. apríl 2007.

Hjördís ritari.